

Reglur fyrir A og B Landslið DSÍ

1. grein

Landsliðsþjálfarar á hverjum tíma eru starfsmenn DSÍ og ákveða þeir í samráði við landsliðsnefnd hvernig staðið er að æfingum og hvar þær eru haldnar. Landsliðsnefnd hefur yfirumsjón með A og B landsliði DSÍ og sér um að skila greinagerðum til stjórnar DSÍ.

2. grein

Allir sem eru í A og B landsliðum DSÍ skulu hafa siðareglur ÍSÍ og DSÍ að leiðarljósi. Í keppnisferðum erlendis skal farið eftir reglugerð ÍSÍ um keppnisferðir.

3. grein

Það er ætlast til að þeir sem eru í A og B landsliðum DSÍ stundi fullar æfingar með sínu íþróttafélagi jafnframt því að mæta á allar boðaðar landsliðsæfingar og keppa a.m.k. einu sinni á ári á mótum héraðs. A og B landsliðshópar DSÍ eru fyrirmyndir annarra danspara og skulu haga sér samkvæmt því í hvívetna.

4. grein

Þeir sem ekki komast á æfingar þurfa að tilkynna það til landsliðsþjálfara eða landsliðsnefndar með góðum fyrirvara. Ætlast er til að landsliðspör mæti á landsliðsæfingar nema í undantekningar tilfellum, s.s. vegna veikinda eða æfinga- eða keppnisferða erlendis. Það þarf að tilkynna um önnur forföll tímanlega svo ekki sé verið að bíða eftir einhverjum sem ekki ætla að mæta.

5. grein

Þeir sem ekki mæta ítrekað á boðaðar landsliðsæfingar (án sannanlegra tilkynninga um forföll) gætu átt á hættu að vera vísað úr landsliðshópnum.

6. grein.

Ef eitthvert paranna hættir að dansa saman eftir að hafa verið valið í A eða B landslið fellur viðkomandi þá sjálfkrafa úr hópnum.

7. grein

Hægt er að vísa danspörum úr A eða B landsliði vegna óíþróttamannslegrar hegðunar innan sem utan dansgólfsins, á mótum hér á landi sem og erlendis.

8. grein

Foreldrar, forráðamenn og þörin sjálf geta ákveðið að viðkomandi hætti í landsliðinu.

9. grein

Við skipulag á þjálfun og æfingum er landsliðsþjálfara eða landsliðsnefnd heimilt að skipta landsliðinu í tvo flokka, yngra og eldra landslið og/eða A og B landslið, ef ástæða er til og getur fyrirkomulag þjálfunar og æfinga því verið mismunandi hjá A og B landsliði.

10. grein

Danspörin sjálf og aðstandendur, sem ekki eru sáttir við hvernig hvernig staðið er að A og B landsliðsæfingum eiga að koma sínum kvörtunum á framfæri við DSÍ, með formlegum hætti. Það á ekki að hafa beint samband við landsliðsþjálfara.

11. grein

Allir styrkir sem DSÍ veitir vegna keppnisferða eru háðir því skilyrði að viðkomandi sé jafnframt í A eða B landsliði DSÍ. Þar sem hefur unnið sér inn keppnisrétt en hefur verið vísað úr landsliðinu missir keppnisrétt sinn og færast rétturinn þá til næsta pars.

12. grein

Hver einstaklingur í landsliði fær landsliðstreyju sem ætlast er til að sé notuð á mótum og/eða sýningum hérlendis sem og erlendis til að gera landsliðið sýnilegt sem heild. Ef treyja glatast þarf viðkomandi einstaklingur að greiða sjálfur fyrir nýja treyju. Falli landsliðspar úr landsliði einhverra hluta vegna er ætlast til að það leggi treyjuni þar til viðkomandi kemst aftur í landslið enda eru þær aðeins ætlaðar landsliðspörum. Aðildarfélögum DSÍ og iðkendum þeirra sem eru ekki í landsliðinu er óheimilt að nota treyjur sem eru eins eða líkar treyjum landsliðsins. Það sama á við um annan fatnað fyrir landsliðið.

13. grein

Í því tilfalli þar sem þar eða einstaklingur brýtur alvarlega af sér samkvæmt þessum reglum skal stjórn DSÍ funda um málið og taka afstöðu um hvort vísa eigi þarinn úr landsliði. Stjórn DSÍ skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en tekin er ákvörðun í því og gefa viðkomandi pari, eða forráðamanni ef parið er undir 18 ára aldri, og fulltrúa aðildarfélags þarinn, kost á að tjá sig um málið áður en stjórn tekur ákvörðun. Eftir að stjórn DSÍ hefur tekið ákvörðun skal hún tilkynnt sömu aðilum.

14. grein

Dansíþróttasambandið, landsliðsnefnd og landsliðsþjálfarar leggja á sig mikla vinnu og peninga til að halda úti starfi landsliðshóps. Það starf er ekki sjálfgefið og því krafa allra þessa aðila að virðing sé borin fyrir því starfi.

Samþykkt á stjórnarfundi 25. nóvember 2019.